

Fimmtudaginn 26. október 1995.

Nr. 350/1995.

Rafmagnsveitur ríkisins

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Karli Ólafssyni

(Árni Halldórsson hrl.)

Kærumál. Aðför. Fjárnám. Kröfuréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 3. október 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Austurlands 19. september 1995, þar sem felld er úr gildi fjárnám, sem sýslumaðurinn í Neskaupstað gerði hjá varnaraðila. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og staðfest fjárnám sýslumanns frá 27. október 1994, sem gert var í eignarhluta varnaraðila í fasteigninni Þiljuvöllum 27, Neskaupstað. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar, en til vara, að kærumálskostnaður verði felldur niður, fari svo, að fjárnámið sæti ekki ógildingu.

Varnaraðili var í óvígðri sambúð með Kristínu Björk Ingólfssdóttur, og héldu þau heimili að Miðstræti 22, Neskaupstað. Varnaraðili fluttist þangað í desember 1991, og var sóknaraðila tilkynnt um orkukaup varnaraðila vegna fasteignarinnar 10. dag sama mánaðar. Tilkynnandi var móðir Kristínar, Svanbjörg Gísladóttir, sem áður bjó í íbúðinni. Í kjölfar sambúðarslita fluttist varnaraðili frá Miðstræti 22 í febrúar 1992. Samkvæmt tilkynningu fyrrum sambúðarkonu varnaraðila, Kristínar Bjarkar, var hún skráð hjá sóknaraðila sem kaupandi raforku til fasteignarinnar frá 4. apríl 1992. Fjárnámið, sem deilt er um í málinu, var gert til tryggingar kröfu sóknaraðila vegna orkukaupa fyrir eignina á tímabilinu 10. desember 1991 til 4. apríl 1992.

Tilkynning til sóknaraðila um nýjan orkunotanda í Miðstræti 22 var samkvæmt framansögðu rétt. Hagnýtti varnaraðili sér raforku frá sóknaraðila, meðan hann var búsettur í húsinu ásamt sambúðarkonu sinni. Mátti honum vera ljóst, að hann kynni að verða krafinn um greiðslu vegna þessa. Samkvæmt því verður að telja, að varnaraðila sé skylt að greiða orkureikninga þá, sem hér um ræðir. Eftir almennum réttarreglum hvíldi á honum að leita lausnar undan skyldu sinni, ef hann taldi efni til þess. Það gerði hann ekki, og ber honum því að standa skil á greiðslu fyrir orkukaupin, þar til sóknaraðila var tilkynnt um síðari orkukaupanda. Skiptir ekki máli gagnvart sóknaraðila, hvernig fer um innbyrðis uppgjör varnaraðila og fyrrum sambúðarkonu hans. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og staðfest fjárnám sýslumanns frá 27. október 1994 í eignarhluta varnaraðila í fasteigninni Piljuvöllum 27, Neskaupstað.

Eftir þessum úrslitum verður varnaraðila gert að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn í einu lagi, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Staðfest er fjárnám, sem sýslumaðurinn í Neskaupstað gerði 27. október 1994 hjá varnaraðila, Karli Ólafssyni, að kröfu sóknaraðila, Rafmagnsveitna ríkisins.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 80.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 19. september 1995.

Ár 1995, þriðjudaginn 19. september, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, af Ólafi Berki Þorvaldssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. Y-6/1994: Karl Ólafsson gegn Rafmagnsveitum ríkisins.

Sóknaraðili er Karl Ólafsson, kt. 150464-4639, Piljuvöllum 27, Neskaupstað, en varnaraðili Rafmagnsveitur ríkisins, 520269-2669, Laugavegi 118, Reykjavík.

I. Kröfur aðila.

Kröfur sóknaraðila eru þær, að fjárnámsgerð, sem fór fram hjá sýslumanninum í Neskaupstað 27. október 1994, verði úr gildi felld og varnar-

aðili greiði sóknaraðila málskostnað að mati dómsins og virðisaukaskatt á málskostnað.

Kröfur varnaraðila eru, að kröfum sóknaraðila verði hrundið og varnaraðila verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi sóknaraðila að mati réttarins.

II. Málavextir og rekstur málsins.

Í desember 1991 fluttist sóknaraðili til Kristínar Bjarkar Ingólfsdóttur að Miðstræti 22, Neskaupstað, og hófu þau þar sambúð. Eigandi íbúðarinnar, Svanbjörg Gísladóttir, móðir Kristínar Bjarkar, er áður hafði búið í íbúðinni ásamt dóttur sinni, fluttist þaðan, og 10. desember 1991 tilkynnti Svanbjörg varnaraðila, að sóknaraðili væri orkukaupandi í stað hennar. Gefnir voru út rafmagnsreikningar á nafn sóknaraðila 10. febrúar og 10. apríl 1992.

Í byrjun febrúar 1992 slitnaði upp úr sambúð sóknaraðila og Kristínar Bjarkar, og fluttist sóknaraðili úr íbúðinni við Miðstræti 22. Reikningar þeir, sem sendir voru að Miðstræti 22, voru ekki greiddir. Sóknaraðili kveðst ekki hafa fengið þessa reikninga, þar sem hann hafi flust úr íbúðinni 8. febrúar, tveimur dögum áður en fyrsti reikningur er gerður og sendur að Miðstræti 22.

Hinn 4. apríl 1992 var varnaraðila tilkynnt, að sóknaraðili hefði flust úr íbúðinni við Miðstræti 22. Voru þá orkukaupin skráð yfir á nafn Kristínar Bjarkar að hennar beiðni. Varnaraðili hélt áfram innheimtuaðgerðum sínum, og 10. ágúst 1992 sendi hann innheimtubréf á nýtt heimilisfang sóknaraðila að Þiljuvöllum 27, Neskaupstað, þar sem hótað var lokun á rafmagni. Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa við innheimtu- og lokunaraðgerðir í apríl 1992 sagt starfsmönnum varnaraðila, að hann væri fluttur úr íbúðinni við Miðstræti 22. Sóknaraðili kveðst hins vegar fyrst í ágúst 1992 hafa orðið var við innheimtuaðgerðir varnaraðila og mótmælt þeim við starfsmenn varnaraðila, en eftir nokkrar umræður fallist á að greiða 10.000 krónur inn á skuldina. Jafnframt því hafi sóknaraðili tekið fram, að hann teldi sig vera að greiða umfram lagaskyldu, þótt hann liti á það sem siðferðilega rétt af sér að greiða þennan hluta skuldarinnar. Þessi fullyrðing sóknaraðila er studd yfirlýsingu núverandi sambýliskonu hans. Átti sú greiðsla sér stað 19. janúar 1993.

Að kröfu varnaraðila gerði sýslumaðurinn í Neskaupstað fjárnám hjá sóknaraðila 27. október 1994 vegna vangreiddra rafmagnsreikninga fyrir tímabilið 10. desember 1991 til 4. apríl 1992. Við fjárnámssgerð komu fram mótmæli sóknaraðila við fjárnáminu, og var vísað til 2. mgr. 27. gr. laga nr. 90/1989. Fjárnáminu var skotið til Héraðsdóms Austurlands 22. desember sl. Hinn 21. apríl sl. kvað fulltrúi héraðsdómara upp úrskurð í málinu. Þeim

úrskurði var skotið til Hæstaréttar Íslands. Vegna stöðu dómarafulltrúa var hinn kærði úrskurður úr gildi felldur og öll meðferð málsins í héraði. Var málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar. Boðað var til þinghalds með bréfum dómsins 13. maí sl. og málið tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 6. þessa mánaðar.

III. Málsástæður og lagarök.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar á því, að hann hafi aldrei óskað eftir viðskiptum við varnaraðila vegna íbúðarinnar að Miðstræti 22, Neskaupstað, eða undirgengist greiðsluskyldu vegna rafmagnsnotkunar þar. Hafi því ekki stofnast kröfuréttarlegt samband á milli aðila um orkukaup. Til stuðnings kröfum sínum vísar sóknaraðili til almennra reglna kröfuréttar og laga nr. 7/1936 auk laga nr. 91/1991 og laga nr. 50/1988.

Varnaraðili styður kröfur sínar því, að með tilkynningu um sóknaraðila sem orkukaupanda að Miðstræti 22, Neskaupstað, og sannanlegri notkun hans á orku þar hafi stofnast kröfuréttarlegt samband um orkukaup, sem hafi ekki lokið, fyrr en varnaraðili fékk tilkynningu og vitneskju um flutning sóknaraðila úr húsinu við Miðstræti. Þá hafi sóknaraðili viðurkennt greiðsluskyldu sína með fyrirvaralausri greiðslu 10.000 króna inn á skuld sína við varnaraðila. Varnaraðili vísar til almennra reglna kröfuréttar um samninga og efndir fjárskuldbindinga. Einnig vísar hann til IX. kafla laga nr. 58/1967 og 71. gr. laga nr. 90/1991, sbr. 94. gr. laga nr. 90/1989.

IV. Niðurstöður.

Kröfur vegna rafmagnsnotkunar njóta aðfararheimildar án undangengins dóms eða sáttar. Í aðfararbeiðni sóknaraðila var einungis vísað til 10. tölu-liðar 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, en ekki jafnframt til 79. gr. orkulaga nr. 58/1967. Ekki þykir þó rétt að ógilda fjárnámið af þessum sökum, en ástæðu skuldarinnar var lýst í aðfararbeiðni og greiðsluáskorun, og ekki eru hafðar uppi kröfur um ógildingu fjárnámsins á þessum grundvelli.

Í máli þessu er ekki ágreiningur um það, hvort raforka hafi verið látin í té íbúum að Miðstræti 22, Neskaupstað, frá 10. desember 1991 til 4. apríl 1992 eða hvort raforkuskuld sú, sem stofnaðist vegna þess tímabils, sé réttilega reiknuð út.

Í reglugerð nr. 122/1992 fyrir Rafmagnsveitur ríkisins, sem gilti á umræddum tíma, er að finna ákvæði um samskipti rafmagnsveitnanna við orkukaupa og notendur rafmagns. Í reglugerðinni er þó ekki kveðið skýrt á um, hvernig haga beri tilkynningum um breytingu á ábyrgð fyrir greiðslu á rafmagnsnotkun. Samkvæmt svokölluðum flutningstilkynningum, sem lagðar hafa verið fram í málinu, og því, sem að framan er rakið um málavexti, verður að telja upplýst, að sóknaraðili stóð ekki að tilkynningum um orku-

notkun, er bærust varnaraðila 10. desember 1991 og 4. apríl 1992. Samkvæmt fram lagðri yfirlýsingu eigenda Píljuvalla 27, Neskaupstað, verður að miða við þá fullyrðingu sóknaraðila, að sóknaraðili hafi flust frá Miðstræti 22 eigi síðar en 10. febrúar 1992.

Eins og áður segir, var fyrsti reikningur sóknaraðila til varnaraðila gerður 10. febrúar 1992 og sendur að Miðstræti 22. Má því gera ráð fyrir, að sóknaraðili hafi ekki fengið vitneskju um innheimtuaðgerðir varnaraðila og þá jafnframt um, að hann væri einn skráður skuldari fyrir orkunotkun íbúðarinnar, fyrr en í fyrsta lagi 4. apríl 1992 eða jafnvel ekki fyrr en í ágúst 1992, eins og sóknaraðili heldur fram. Með hliðsjón af yfirlýsingu núverandi sambýliskonu sóknaraðila og skv. framansögðu verður ekki fullýrt, að greiðsla sóknaraðila á 10.000 krónum til varnaraðila hafi falið í sér viðurkenningu á allri skuldinni, u. þ. b. 40.000 krónum.

Þótt sóknaraðili hafi ásamt öðrum búið að Miðstræti 22 u. þ. b. helming þess tíma, sem um ræðir, er samkvæmt framansögðu óvarlegt að telja, að kröfuréttarlegt samband hafi stofnast á milli aðila. Verður því að fella úr gildi áðurnefnda fjárnámssgerð sýslumannsins í Neskaupstað frá 27. október 1994.

Vegna úrslita málsins þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðila 20.000 krónur í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Fellt er úr gildi fjárnám, sem sýslumaðurinn í Neskaupstað gerði 27. október 1994 í eignarhluta sóknaraðila, Karls Ólafssonar, í fasteigninni Píljuvöllum 27 að kröfu varnaraðila, Rafmagnsveitna ríkisins.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 20.000 krónur í málskostnað auk virðisaukaskatts.